


MENNTAMÁLASTOFNUN

# „OPIÐ HÚS"

# 19. ÁGÚST 2021

## kl. 10:00, 11:00, 13:00, 14:00 og 15:00

# Á NETINU

Menntamálastofnun býður upp á rafrænar kynningar á nýju námsefni og verkefnum stofnunarinnar fimmtudaginn 19. ágúst 2021 frá kl. 10–16.

Boðið verður upp á 15 kynningar í gegnum fjarfundakerfið Zoom.

Einfalt er að taka þátt, það eina sem þarf til er nettengd tölva. Hvert erindi er áætlað um 20–30 mínútur með spurningum og umræðum á eftir. Um kynningarnar sjá ritstjórar námsefnis og fleiri sérfræðingar Menntamálastofnunar auk höfunda efnis í einhverjum kynningum.

Allt námsefni sem í boði er hjá Menntamálastofnun má sjá hér:

➞ Kynningarskrá 2021 ⟵



SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

# DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR 19.8.2021

# LOTA 1 | KL. 10:00–11:00 |

| STOFA: | → STOFA 1.1 | → STOFA 1.2 | → STOFA 1.3 | → STOFA 1.4 |
|---|---|---|---|---|
| SKÓLASTIG: | Yngsta stig | Mið- og unglingastig | Öll skólastig | Öll skólastig |
| EFNI: | Náttúru- og samfélagsgreinar | Danska | Læsi | Læsi |
| HEITI KYNNINGAR: | Halló heimur 1 og 2<br><br> | Tempo<br><br> | Samvinna um læsi: Tillaga að foreldrafræðslu um lestur og lestrarnám barna í 1. bekk<br> | Matsrammi fyrir lesfimi: Fjölbreyttari kennsla, þjálfun og mat á lesfimi<br>Lesferill |
| UMSJÓN: | Auður Bára Ólafsdóttir | Heimir Eyvindarson og Sigríður Sigurðardóttir | Auður Björgvinsdóttir | Guðbjörg Þórisdóttir |
| RITSTJÓRI: | Auður Bára Ólafsdóttir og Sigrún Sóley Jökulsdóttir | Harpa Pálmadóttir | | |
| Slóð á kynningarefni: | Halló heimur 1 og 2 | Tempo | Kynningarmyndband | Læsisvefur |

# DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR 19.8.2021

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

## LOTA 2 | KL. 11:00–12:00 |

| STOFA: | → STOFA 2.1 | → STOFA 2.2 | → STOFA 2.3 | → STOFA 2.4 |
|---|---|---|---|---|
| SKÓLASTIG: | Yngsta stig | Mið- og unglingastig | Yngsta, mið- og unglingastig | Miðstig |
| EFNI: | Íslenska | Danska | Náttúrugreinar | Samfélagsgreinar |
| HEITI KYNNINGAR: | Lestrarbækur á yngsta stigi<br> | Kennsluhættir í dönsku<br> | Umhverfismennt<br> | Sögugáttin<br> |
| UMSJÓN: | Elín Lilja Jónasdóttir | Harpa Pálmadóttir | Andri Már Sigurðsson | Sigrún Sóley Jökulsdóttir |
| RITSTJÓRI: | Elín Lilja Jónasdóttir | Harpa Pálmadóttir | Andri Már Sigurðsson | Sigrún Sóley Jökulsdóttir |
| Slóð á kynningarefni: | | Kennsluhættir í dönsku | | Sögugáttin |

# DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR 19.8.2021

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

## LOTA 3 | KL. 13:00–14:00 |

| STOFA: | → STOFA 3.1 | → STOFA 3.2 | STOFA 3.3 | → STOFA 3.4 |
|---|---|---|---|---|
| SKÓLASTIG: | Yngsta stig | Unglingastig | | Öll skólastig |
| EFNI: | Stærðfræði | Samfélagsgreinar o.fl. | | Læsi og ritun |
| HEITI KYNNINGAR: | Stærðfræðispæjarar 1,2 og 3   | Myndamáttur   | | Ritunarkennsla  |
| UMSJÓN: | Auður Bára Ólafsdóttir | Eva Harðardóttir og Tinna Ottesen | | Katrín Ósk Þráinsdóttir |
| RITSTJÓRI: | Auður Bára Ólafsdóttir | Harpa Pálmadóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir | | |
| Slóð á kynningarefni: | Stærðfræðispæjarar | | | Læsisvefurinn |

# DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR 19.8.2021

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

## LOTA 4 | KL. 14:00–15:00 |

| STOFA: | STOFA 4.1 | → STOFA 4.2 | → STOFA 4.3 | → STOFA 4.4 |
|---|---|---|---|---|
| SKÓLASTIG: | | Öll skólastig | Miðstig | Öll skólastig |
| EFNI: | | Dans<br>Fleiri námsgreinar | Náttúrufræði | Íslenska sem annað tungumál |
| HEITI KYNNINGAR: | | Skapandi dans – Handbók<br> | Náttúrulega<br> | Íslenska sem annað tungumál í aðalnámskrá grunnskóla<br> |
| UMSJÓN: | | Ingunn Elísabet Hreinsdóttir | Halldóra Lind Guðlaugsdóttir<br>Ragnheiður Alma Snæbjörnsdóttir<br>Telma Ýr Birgisdóttir | Þorbjörg Halldórsdóttir |
| RITSTJÓRI: | | Harpa Pálmadóttir | Andri Már Sigurðsson | Þorbjörg Halldórsdóttir |
| Slóð á kynningarefni: | | Skapandi dans | | Aðalnámskrá grunnskóla<br>ÍSAT |

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

# DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR 19.8.2021

# LOTA 5 | KL. 15:00–16:00 |

| STOFA: | → STOFA 5.1 | STOFA 5.2 | STOFA 5.3 | STOFA 5.4 |
|---|---|---|---|---|
| SKÓLASTIG: | Leikskólastig | | | |
| EFNI: | Íslenska | | | |
| HEITI KYNNINGAR: | Hæfnirammar í íslensku fyrir fjöltyngd börn<br> | | | |
| UMSJÓN: | Halldóra Sigtryggsdóttir og Saga Stephensen | | | |
| RITSTJÓRI: | Þorbjörg Halldórsdóttir | | | |
| Slóð á kynningarefni: | Hæfnirammar | | | |

# DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR 19.8.2021

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

## LOTA 1 | KL. 10:00 | STOFA 1.1

**Skólastig**: Yngsta stig
**Námsgrein**: Náttúru- og samfélagsgreinar
**Heiti kynningar**: HALLÓ HEIMUR 1 OG 2

**Lýsing**: Kynnt verður innihald og uppbygging námsefnisins og kennsluleiðbeiningum gerð skil en þar eru t.d. útfærslur að verkefnum sem samþætta aðrar námsgreinar við samfélags- og náttúrugreinar, hugmyndir að verklegum æfingum, athugunum o.s.frv. Stiklað verður á hugmyndum um notkunarmöguleika í kennslu og hvaða aðferðum er mögulega hægt að beita þegar námsefnið er nýtt í kennslu.

**Ritstjórar**: Auður Bára Ólafsdóttir og Sigrún Sóley Jökulsdóttir
**Umsjón**: Auður Bára Ólafsdóttir
**Slóð á kynningarefni**: Halló heimur 1



# DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR 19.8.2021

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

## LOTA 1 | KL. 10:00 | STOFA 1.2

**Skólastig**: Mið- og unglingastig
**Námsgrein**: Danska
**Heiti kynningar**: TEMPO

**Lýsing**: Kynntur verður vefurinn *Tempo* og hvaða möguleika hann býður upp á í kennslu. Áhersla er á færniþættina lesskilning, samskipti, ritun og menningarlæsi. Vefnum er ætlað að stuðla að fjölbreyttum kennsluháttum, þar sem snjalltæki spila stóran sess við úrlausn verkefna.

**Ritstjóri**: Harpa Pálmadóttir
**Umsjón**: Heimir Eyvindarson og Sigríður Sigurðardóttir, höfundar efnisins.
**Slóð á kynningarefni**: Tempo



# DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR 19.8.2021

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

## LOTA 1 | KL. 10:00 | STOFA 1.3

**Skólastig**: Yngsta og miðstig
**Heiti kynningar**: SAMVINNA UM LÆSI | TILLAGA AÐ FORELDRAFRÆÐSLU UM LESTUR OG LESTRARNÁM BARNA Í 1. BEKK

**Lýsing**: Samvinna um læsi er efni ætlað skólum sem vilja útbúa öfluga fræðslu fyrir foreldra/forsjáraðila en eins og allir vita gegna þeir mikilvægu hlutverki í læsisuppeldi og lestrarnámi barna. Efnið samanstendur af handbókum, myndböndum, hljóðskrám og fleiru sem skólar geta lagt til grundvallar við gerð eigin fræðslu og mun höfundur kynna tilgang og notkun efnis fyrir áhugasama.

**Umsjón**: Auður Björgvinsdóttir, kennari og læsisfræðingur
**Slóð á kynningarefni**: Kynningarmyndband



SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

# DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR 19.8.2021

## LOTA 1 | KL. 10:00 | STOFA 1.4

**Skólastig**: Öll skólastig
**Heiti kynningar**: MATSRAMMI FYRIR LESFIMI | FJÖLBREYTTARI KENNSLA, ÞJÁLFUN OG MAT Á LESFIMI

**Lýsing**: Menntamálastofnun hefur nú gefið út nýjan matsramma fyrir lesfimi. Með matsrammanum verður hægt að meta fleiri hliðar lesfiminnar með skýrum og greinargóðum hætti og ramminn því mikilvæg viðbót við hin hefðbundnu lesfimipróf sem stofnunin gefur út. Markviss notkun rammans er góður grunnur að fjölbreyttri lestrarkennslu og þjálfun og því gott tæki til efla enn betur læsi nemenda.

Lesferill

**Umsjón**: Guðbjörg R. Þórisdóttir, læsisfræðingur
**Slóð á kynningarefni**: Læsisvefur

DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR 19.8.2021

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

# LOTA 2 | KL. 11:00 | STOFA 2.1

**Skólastig**: Yngsta stig
**Námsgrein**: Íslenska
**Heiti kynningar**: LESTRARBÆKUR Á YNGSTA STIGI

**Lýsing**: Farið yfir lestrarbókaflokka á yngsta stigi, nýjar bækur kynntar og greint frá uppbyggingu og notkunarmöguleikum. Nýlegir safnvefir kynntir þar sem nálgast má stafakannanir, verkefni til útprentunar og rafbækur í flokkunum *Listin að lesa og skrifa* og *Smábók*.

**Ritstjóri og umsjón**: Elín Lilja Jónasdóttir



# DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR 19.8.2021

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

## LOTA 2 | KL. 11:00 | STOFA 2.2

**Skólastig**: Mið- og unglingastig
**Námsgrein**: Danska
**Heiti kynningar**: KENNSLUHÆTTIR Í DÖNSKU

**Lýsing**: Megintilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Til að stuðla að því er mikilvægt að vera með fjölbreytta kennsluhætti sem eru hvetjandi og styðja við nemendur þannig að þeir eiga auðveldara með að ná þeim hæfniviðmiðum sem stefnt er að. Markmið efnisins er að benda á leiðir til að vinna með fjölbreytta kennsluhætti og hvernig vinna má með m.a. kvikmyndir, þáttaraðir, myndefni og tónlist í kennslu. Kynnt verður innihald og uppbygging efnisins og hvernig vinna má með það í kennslu.




**Ritstjóri og umsjón**: Harpa Pálmadóttir
**Slóð á kynningarefni**: Kennsluhættir í dönsku

# DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR 19.8.2021

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

## LOTA 2 | KL. 11:00 | STOFA 2.3

**Skólastig**: Yngsta, mið- og unglingastig
**Námsgrein**: Náttúrugreinar
**Heiti kynningar**: UMHVERFISMENNT

**Lýsing**: Farið verður yfir ýmislegt nýlegt námsefni á sviði umhverfismenntunar. Fimm nýjar rafbækur sem ætlaðar eru ýmist fyrir yngsta stig, miðstig eða unglingastig hafa komið út síðasta árið og fleiri eru á leiðinni.

- *Hreint haf*, miðstig/unglingastig
- *Hreint haf*, yngsta stig
- *Náttúra til framtíðar*, unglingastig
- *Lifandi náttúra* – Lífbreytileiki á tækniöld, leikskóli/ yngsta stig
- *Lesið í skóginn*, fyrir allan aldur.

Farið yfir hvernig hægt sé að vinna með námsefnið og þau verkefni sem námsefnið hefur að geyma.

**Ritstjóri og umsjón**: Andri Már Sigurðsson



# DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR 19.8.2021

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

## LOTA 2 | KL. 11:00 | STOFA 2.4

**Skólastig**: Mið- og unglingastig
**Námsgrein**: Samfélagsgreinar
**Heiti kynningar**: SÖGUGÁTTIN | ÞEMAHEFTI Í SÖGU

**Lýsing**: Sögugáttin er bókaflokkur sem hefur verið í útgáfu frá því 2014 til dagsins í dag. Farið verður yfir þemu bókaflokksins. Alls eru komnar út níu bækur. Bækurnar eru hugsaðar sem kveikjur út í meiri þemavinnu um sögutengd efni. Nýjasta bókin kom út í vor og heitir hún *Grikkland hið forna*. Farið verður yfir það hver er tilurð þessa flokks.




**Ritstjóri og umsjón**: Sigrún Sóley Jökulsdóttir
**Slóð á kynningarefni**: Sögugáttin

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

# DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR 19.8.2021

## LOTA 3 | KL. 13:00 | STOFA 3.1

**Skólastig**: Yngsta stig
**Námsgrein**: Stærðfræði og sérkennsla
**Heiti kynningar**: STÆRÐFRÆÐISPÆJARAR 1, 2 OG 3

**Lýsing**: Kynnt verður hugmyndafræðin á bak við námsefnið, tengsl þess við aðalnámskrá og hversu mikinn fjársjóð í formi fjölbreyttra verkefna í tengslum við námsefnið er að finna í kennsluleiðbeiningunum. Farið verður yfir notkunarmöguleika og hvaða leiðum og aðferðum er hægt að beita þegar námsefnið er nýtt í kennslu.

**Ritstjóri og umsjón**: Auður Bára Ólafsdóttir



# DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR 19.8.2021

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

# LOTA 3 | KL. 13:00 | STOFA 3.2

**Skólastig**: Mið- og unglingastig
**Námsgrein**: Samfélagsgreinar, náttúrugreinar, myndmennt og íslenska
**Heiti kynningar**: MYNDAMÁTTUR

**Lýsing**: Um er að ræða heildstætt þemaverkefni sem kallast *Myndamáttur* og er sjónræn og þátttökumiðuð kennsluaðferð. Efnið byggist á kennslu- og rannsóknaraðferð sem ber enska heitið photovoice og hefur það markmið að efla raddir ólíkra samfélagshópa með aðstoð ljósmynda. Fjallað verður um hugmyndafræði og uppbyggingu námsefnisins en unnið er með fjölbreytt og skapandi ljósmyndaverkefni í efninu þar sem áhersla er lögð á að efla gagnrýna hugsun með mynd- og rýmislæsi nemenda. Rauði þráðurinn er að styrkja rödd ungs fólks og skapa vettvang til að miðla ólíkri reynslu og upplifunum. Hægt er að vinna með efnið þvert á námsgreinar og aldursstig og út frá mismunandi áhersluatriðum.




**Ritstjórar**: Harpa Pálmadóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir
**Umsjón**: Eva Harðardóttir og Tinna Ottesen

# DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR 19.8.2021

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

## LOTA 3 | KL. 13:00 | STOFA 3.4

**Skólastig**: Öll skólastig
**Heiti kynningar**: LÆSISVEFURINN | RITUNARKENNSLA

**Lýsing**: Kynnt verður efni fyrir ritunarkennslu á *Læsisvefnum*. Áhersla er lögð á kennsluaðferðir og vinnubrögð ritunar sem henta nemendum á ólíkum stigum grunnskólans og gagnast kynningin því líka fyrir t.d. samfélags- og náttúruvísindakennara á mið- og unglingastigi. Fjallað verður um ólíkar textategundir út frá tilgangi og viðtakendum ritunar og hvernig uppbygging og málnotkun er ólík eftir þessum textategundum. Eftir kynninguna ættu kennarar að hafa verkfæri í farteskinu til að leiðbeina nemendum varðandi ritun.



**Umsjón**: Katrín Ósk Þráinsdóttir, læsisfræðingur
**Slóð á kynningarefni**: Læsisvefurinn

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

# DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR 19.8.2021

## LOTA 4 | KL. 14:00 | STOFA 4.2

**Skólastig**: Öll skólastig
**Námsgrein**: Dans, hentar í fleiri námsgreinum
**Heiti kynningar**: SKAPANDI DANS – HANDBÓK FYRIR KENNARA

**Lýsing**: Um er að ræða verkfæri fyrir kennara til að sinna danskennslu í grunnskólum, ekki bara dansins vegna heldur vegna sköpunarinnar, hreyfingarinnar, tilfinningaþroska og jákvæðra áhrifa dansins á allt nám ef vel er staðið að. Handbókin býður upp á margbreytileg verkefni fyrir sundurleitan nemendahóp og hefur að geyma ólíkar æfingar sem eiga að stuðla að því að nemendur skapi út frá þeim sjálfum. Hægt er að aðlaga margar æfingar að öðrum námsgreinum. Höfundur efnisins fer yfir hugmyndafræðina og hvernig vinna má með efnið í kennslu.




**Umsjón**: Ingunn Elísabet Hreinsdóttir
**Slóð á kynningarefni**: Skapandi dans

# DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR 19.8.2021

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

## LOTA 4 | KL. 14:00 | STOFA 4.3

**Skólastig**: Miðstig
**Námsgrein**: Náttúrufræði
**Heiti kynningar**: NÁTTÚRULEGA 1

**Lýsing**: *Náttúrulega 1* er heildstætt efni í náttúrugreinum fyrir miðstig. Í hverri bók verður farið í flesta undirflokka náttúrugreina, þ.m.t. líffræði mannsins, náttúru Íslands, eðlisfræði, efnafræði, vistfræði og fleira. Námsefnið mun samanstanda af nemendabók, verkefnabók, lifandi rafbók, kennsluleiðbeiningum, námsmatsbanka, gagnvirkum krossaspurningum, myndabanka, hljóðbók og sérstakri útgáfu af rafbók sem er hugsuð fyrir nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál. Farið verður yfir hugmyndafræði bókaflokksins og uppbyggingu fyrstu bókar í flokknum.

**Ritstjóri**: Andri Már Sigurðsson
**Umsjón**: Halldóra Lind Guðlaugsdóttir, Ragnheiður Alma Snæbjörnsdóttir og Telma Ýr Birgisdóttir



# DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR 19.8.2021

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

## LOTA 4 | KL. 14:00 | STOFA 4.4

**Skólastig**: Öll skólastig
**Heiti kynningar**: ÍSLENSKA SEM ANNAÐ TUNGUMÁL Í AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA

**Lýsing**: Kynntur verður endurskoðaður kafli um íslensku sem annað tungumál í aðalnámskrá grunnskóla (19.3). Hugmyndafræði kaflans byggir á nýjustu fræðum um tileinkun annars tungumáls og stigskiptir hæfnirammarnir eru unnir á grunni evrópska tungumálarammans. Samhliða kaflanum var unnið hefti þar sem farið er dýpra í fræðin og finna má nákvæmari hæfniramma og viðmiðunarstundaskrá sem skipt er eftir aldri nemenda og hæfnistigi þeirra í íslensku. Einnig verða þrír nýir kaflar í aðalnámskránni um móttöku, menningarhæfni og fjöltyngi lítillega kynntir.



**Umsjón**: Þorbjörg Halldórsdóttir
**Slóð á kynningarefni**: Aðalnámskrá grunnskóla ÍSAT

# DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR 19.8.2021

SMELLIÐ Á VIÐEIGANDI STOFU TIL AÐ NÁLGAST
KYNNINGAR OG HAFIÐ SLÖKKT Á HLJÓÐNEMA.

## LOTA 5 | KL. 15:00 | STOFA 5.1

**Skólastig**: Leikskólastig
**Heiti kynningar**: HÆFNIRAMMAR Í ÍSLENSKU FYRIR FJÖLTYNGD BÖRN Í LEIKSKÓLA

**Lýsing**: Kynntir verða *Hæfnirammar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla* sem unnir voru samhliða breytingum á aðalnámskrá leikskóla. Breytingarnar á námskránni voru gerðar með tilliti til námsþarfa barnahópsins. Hæfnirömmunum er fyrst og fremst ætlað að vera uppspretta fjölbreytilegs leikskólastarfs sem styður við framfarir barna í íslensku.

**Umsjón**: Halldóra Sigtryggsdóttir og Saga Stephensen
**Slóð á kynningarefni**: Hæfnirammar

